

**Nd.**

## **255. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúar-mánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.
- b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.
- c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.
- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
- e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

### **2. gr.**

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

### **3. gr.**

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í göðgerða-

skyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum at-riðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934, og skal fyrsti dráttur fara fram í marz-mánuði það ár.